



Síða 1 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun FÉLA1BY – haustönn 2018	

Kennari: Anna Eir Guðfinnudóttir	Netfang: annaeir@fva.is
--	-----------------------------------

Námsgögn: Kemur félagsfræðin mér við? (2015). Höfundar: Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg og Stefán Karlsson. Atugið að mikilvægt er að vera með nýjustu útgáfu bókarinnar Annað efni frá kennara eftir því sem við á.
--

Lýsing: Í áfanganum er fjallað um gagnvirk áhrif einstaklings og samfélags. Nemendur kynnst því hvernig félagsfræðin skoðar samband einstaklings og samfélags með hugtökunum menning, samfélag, félagsmótun, fjölskylda og stjórnámál. Námið í áfanganum felst í því að nemandinn tileinkar sér helstu hugtök félagsfræðinnar svo sem gildi, viðmið, félagslegt taumhald, hnattvæðingu, fjölmenningu, hlutverk, stöðu, sjálfsmynd og notar þau til að greina umhverfi sitt nær og fjær. Fjallað er um þróun íslensks samfélags og megineinkennum þess lýst. Sérstök áhersla er lögð á að fjalla um félagsmótun einstaklingsins almennt, málefni fjölskyldunnar, kynjahlutverk og mikilvægi stjórnmála í síbreytilegum heimi. Þá er fjallað að hluta um félagsfræði sem fræðigreinin og námsgreinin og helstu frumkvöðlar hennar eru kynntir. Eftir því sem færi gefst er rætt um ýmis viðfangsefni og vandamál daglegs lífs.

Markmið (þekking, leikni, hæfni) áfangans er að nemendur: <ul style="list-style-type: none"> • Geri sér grein fyrir því hvernig það sem gerist í samfélaginu getur haft áhrif á daglegt líf þeirra og hvernig þeir sjálfir geta haft áhrif á samfélagið. • Kynnist viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar. • Þjálfist í að fjalla um samfélagsleg málefni á gagnrýnin hátt og geti litið á félagsleg málefni frá ólíkum sjónarhornum Verði víðsýnni og umburðarlyndari gagnvart mönnum og málefnum. • Geri sér grein fyrir helstu gerðum samfélaga, fái innsýn í málefni fjölskyldunnar, þekki helstu félagsmótunaraðila samfélagsins og geti skilgreint hvað sé líkt og ólíkt með mismunandi menningarheimum. • Geri sér grein fyrir inntaki lýðræðis og þekki til helstu lýðræðisstofnana samfélagsins. • Fái yfirsýn yfir helstu trúarbrögð heims og hvað einkenni þau. • Geri sér grein fyrir ýmsum þáttum sem snúa að vinnu í nútímasamfélagi, í ljósi kynferðis, verkaskiptingar, verkfalla og atvinnuleysis.
--

Síða 2 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun FÉLA1BY – haustönn 2018	

Námsmat:

Í áfanganum er símat sem skiptist í eftirfarandi þætti:

- 3 hlutapróf (20% hvert) (**60%**)
- Verkefni úr bíómynd (**10%**)
- Kemur félagsfræðin mér við? ritgerðarverkefni (**20%**)
- Mæting og þátttaka í tímum (**10%**)

Til þess að standast áfangann þarf nemandi ná að lágmarki 5 (45–54%) úr hlutaprófum og að lágmarki 5 (45–54%) samanlagt úr öllum námsþáttum áfangans.

Tími við nám:


(Áætlað fyrir alla önnina)

- Tímasókn: 60 klst.
- Heimavinna: 40 klst.
- Undirbúningur fyrir próf: 10 klst.

Alls: 110 klst.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum nema í algjörum undantekningartilfellum.
- Sé nemandi veikur þegar próf eru getur nemandi tekið prófið í lok annar (í 19. eða 20. viku) eða í samráði við kennara.
- Öll venjuleg verkefnaskil verða í gegnum Innu og aðeins tekið við verkefnum í þar til gerðar möppur. Athugaðu því vel hvenær þær loka!
- Gangi samstarf í hópaverkefnum illa af einhverri ástæðu skal ræða það sem fyrst við kennara svo hægt sé að leita lausna.
- Lágmarksviðurlög við ritstuldi, svindli eða óheimilli samvinnu er að hljóta 0 í einkunn fyrir viðkomandi ritgerð/verkefni/próf.

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun FÉLA1BY – haustönn 2018	

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
34	20.8-24.8	Kafli 1	
35	27.8-31.8	Kafli 1	
36	3.9-7.9	Kafli 2	
37	10.9-14.9	Kafli 2	Kaflapróf úr 1.-2. kafla
38	17.9-21.9	Kafli 3	
39	24.9-28.9	Kafli 3	
40	1.10-5.10	Kafli 4	Bíómynd og verkefni
41	8.10-12.10	Kafli 4	Kaflapróf úr 3.-4. kafla
42	15.10-17.10	Kafli 5 Miðannarfrí 18. og 19. október	
43	22.10-26.10	Kafli 5	
44	29.10-2.11	Kafli 6	
45	5.11-9.11	Kafli 6	
46	12.11-16.11	Kafli 6	
47	19.11-23.11	Kafli 7	
48	26.11-30.11	Kafli 7	Kaflapróf úr 5.-7. kafla
49	3.12-7.12	Verkefnavinna	
50	10.12-14.12	Verkefnavinna	Ritgerð
51	17.12-18.12	Prófsýning og sjúkrapróf	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.